

Med dette brev ønsker jeg at bekræfte, at ovenstående er i overensstemmelse med min opfattelse og at jeg er enig med Dem i, at denne aftale træder midlertidig i kraft dags dato, og at den endelige ikrafttrædelse finder sted når meddelelse foreligger om, at begge landes konstitutionelle betingelser er endelig opfyldt.

Med venlig hilsen
Peder Munk Pedersen
Direktør

AUGLÝSING

um fríverslunarsamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Marokkós.

Hinn 4. júní 1998 var norska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og konungsríkisins Marokkós sem gerður var í Genf 19. júní 1997. Alþingi hafði með ályktun 22. apríl 1998 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn.

Tilkynnt verður um gildistöku samningsins síðar.

Samningurinn liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að honum. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 15. júní 1998.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

AUGLÝSING

um samning við Grænland/Danmörku um samstarf á sviði sjávarútvegs.

Hinn 9. júlí 1998 var undirritaður í Ilulissat samningur milli Íslands og Grænlands/Danmerkur um samstarf á sviði sjávarútvegs. Samningurinn öðlaðist gildi til bráðabirgða sama dag.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 4. september 1998.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.